



Fundargerð

14. fundur framtíðarnefndar Reykjaneshæjar, fjarfundur

18. nóvember 2020, kl. 15:00

Viðstaddir: Kolbrún Jóna Pétursdóttir formaður, Andri Örn Víðisson, Styrmir Gauti Fjeldsted, Súsanna Björg Fróðadóttir, Ríkharður Ibsensson, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Framtíðarsýn Aðaltorgs (2020100244)

Ingvar Eyfjörð framkvæmdastjóri Aðaltorgs mætti á fundinn og kynnti starfsemi og framtíðarsýn Aðaltorgs.

Framtíðarnefnd tekur vel í hugmyndir Aðaltorgs um framtíðaruppbyggingu á svæðinu.

2. Stytting vinnuvikunnar (2019100323)

Íðunn Kristín Grétarsdóttir deildarstjóri launadeildar og fulltrúi í stýrihóp Reykjaneshæjar um styttingu vinnuvikunnar mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála varðandi innleiðingu á verkefninu.

Framtíðarnefnd fagnar styttingu vinnuvikunnar og þakkar stýrihópnum fyrir þeirra framlag.

3. Lýðheilsustefna Reykjaneshæjar - beiðni um umsögn (2019100079)

Lýðheilsuráð óskar eftir umsögn um lýðheilsustefnu Reykjaneshæjar.

Starfsmanni framtíðarnefndar er falið að koma ábendingum nefndarinnar á framfæri við lýðheilsuráð. Einnig leggur framtíðarnefnd til að hugmyndir um lýðheilsuástöð sem Aðaltorg hefur m.a. kynnt verði skoðaðar sérstaklega í vinnu við lýðheilsustefnu Reykjaneshæjar.

4. Umhverfisstefna Reykjaneshæjar (2020021391)

Ákveðið að halda sameiginlegan vinnufund með umhverfis- og skipulagsráði eins fljótt og auðið er.

5. Fundargerðir neyðarstjórnar (2020030192)

Fundargerðir neyðarstjórnar lagðar fram.

Framtíðarnefnd hrósar Reykjaneshæ fyrir góðar og aðgengilegar upplýsingar varðandi COVID-19 á vef sveitarfélagsins.

<https://www.reykjaneshae.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/nokkur-skref-til-baka>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55.